

Verktækni

Stéttarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafélag Íslands Verkfræðingafélag Íslands

2. tbl. 14. árg. 2008

3

AÐALFUNDIR

4

KJARAMÁL

7

HEIÐURSMERKI VFÍ

8

VERKFRÆÐINGUR
Á ALÞINGI

10

NÁMSKEIÐ

12

ÖRYGGIS- OG
UMHVERFISÞING



Ljósmynd/Morgunblaðið

Holtsós undir Eyjafjöllum.

Sameining verkfræðistofa

Á aðeins rétt rúmu ári hefur orðið nokkur samþjöppun hjá íslensku verkfræðistofunum. Í ársbyrjun 2007 var tilkynnt um sameiningu verkfræðistofanna VGK og Hönnunar og innan tíðar mun Rafhönnun hf. einnig sameinast fyrirtækinu. Þar með verða starfsmenn hins sameinaða fyrirtækis um 350 talsins.

Nýlega var undirrituð viljayfirlýsing um sameiningu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. og Raffeikningar hf. Samanlagður starfsmannafjöldi er um 220. Í fréttatilkynningu segir með sameiningunni sé stefnt að öflugri rekstri, ekki síst með hliðsjón af auknum möguleikum á verkefnum erlendis.

Á þessum tveimur stóru verkfræðistofum munu því starfa um 570 manns. Það má geta þess að samkvæmt starfsmannalistum fyrirtækjanna, sem nú hafa sameinast og mynda tvær stærstu verkfræðistofur landsins, starfa þar samtals 131 tæknifræðingur,

213 verkfræðingar og 25 með BS-próf í verkfræði.

Komið hefur fram að unnið er að því að finna nöfn á fyrirtækin og eins þarfnast húsnæðismálin úrlausnar. Þegar eru hafnar framkvæmdir á Grensásvegi vegna nýrra höfuðstöðva VGK Hönnunar.

Undanfarin ár hafa verið næg verkefni á verkfræðistofunum og vinnuálag oft á tíðum mikið. Á sama tíma hafa þær átt í harðri samkeppni við bankana um hæft starfsfólk. Hvort öll kurl eru komin til grafar í sameiningu stofanna á eftir að koma í ljós en greinilegt að margir gera ráð fyrir frekari samþjöppun á íslenska ráðgjafamarkaðinum.



Enn betri!



Almenni lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi við að bjóða nýjungar í rekstri og þjónustu við sjóðfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn er öllum opin og hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.

DAGBÓKIN

Snjóflóðavarnir, umhverfi og samfélag
International Symposium on Mitigative Measures against Snow Avalanches.
Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands munu standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um *snjóflóðavarnir, umhverfi og samfélag* á Egilsstöðum dagana 11. – 14. mars 2008. Auk félaganna standa að ráðstefnunni: Umhverfisráðuneytið, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Landsnet og Skipulagsstofnun. **Vefur ráðstefnunnar:** <http://www.orion.is/snow2008/>

BNAM 2008

Dagana 17.- 19. ágúst 2008 verður haldin í Reykjavík hljóðráðstefnan BNAM 2008 (Baltic-Nordic Acoustics Meeting). Þar munu hljóðsérfræðingar frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum bera saman bækur sínar. Ráðstefnan er haldin á vegum norrænu fagfélaganna

annað hvert ár. Eystrasaltslöndin hafa átt aðild að henni síðastliðinn áratug. Ráðstefnan, sem haldin verður næsta haust, er skipulögð af félagi um hljóðhönnun sem starfar sem faghópur innan vébanda VFÍ og TFÍ. Í undirbúningsnefndinni eru verkfræðingarnir Steindór Guðmundsson, Bergþóra Kristinsdóttir og Sigurður Karlsson. Þess má geta að faghópurinn var stofnaður í september 2006 og er opinn öllum sem hafa áhuga á hljóðhönnun og hljóðvist. Hægt er að skrá sig á póstlista faghópsins hjá skrifstofu VFÍ. Vefur ráðstefnunnar <http://www.bnam2008.com>.

Skilafrestur

Næsta tölublað Verktækni kemur út í lok mars. Þeir sem vilja koma efni í Verktækni og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst á sigrun@vfi.is eða sigrun@tfi.is.

Aðalfundur STFÍ

Aðalfundur Félags stjórnenda og sjálfstætt starfandi innan TFÍ (STFÍ) verður haldinn mánudaginn 10. mars kl. 12:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Aðalfundur VFÍ

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 26. mars nk. kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Frestur til að skila inn tillögum rann út 15. febrúar s.l.

Aðalfundur KTFÍ

Aðalfundur Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 27. mars nk. í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Fundurinn hefst kl. 17:00. Tillögur sem á að taka fyrir á fundinum þarf að senda út með fundarboði með viku fyrirvara.

Aðalfundur TFÍ

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn föstudaginn 31. mars nk. kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Frestur til að skila inn tillögum rann út 15. febrúar s.l.

Aðalfundur SV

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl nk. kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf. Tillögur sem á að taka fyrir á fundinum þarf að senda út með fundarboði með viku fyrirvara.

LEIÐARINN

Sameiningar

Eins og sagt er frá á forsíðunni þá hafa orðið þó nokkrar hræringar hjá íslenskum verkfræðistofum síðastliðið ár, þar sem rötgróin fyrirtæki hafa með sameiningu myndað stærri fyrirtæki. Nú hafa orðið til tvö stór verkfræðifyrirtæki með samtals nærri 600 starfsmenn. Í báðum tilvikum var þess getið í fréttatilkynningum að meginmarkmið með sameiningunni sé að styrkja fyrirtækin í að afla verkefna á erlendum markaði. Einn liður í því er að mynda fyrirtæki sem búa yfir þekkingu og reynslu sem spannar öll hefðbundin svið verkfræðiráðgjafar, þ.e. rafmagns-, véla- og byggingarverkfræði. – Til þess virðist leikurinn gerður að stórum hluta.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvaða áhrif þetta muni hafa á markaðnum hér heima. Verkfræðistofurnar hafa vissulega átt í mikilli samkeppni en þær hafa einnig unnið saman í stórum verkefnum sem smáum. Má gera ráð fyrir að minna verði um slíkt þegar stór fyrirtæki geta boðið viðtækari þjónustu. Það verða því eflaust skarpari línur í samkeppninni nú þegar svo stórar stofur keppa um verkefni.

Eins má velta fyrir sér hvort þetta muni hafa áhrif á kjör starfsmanna, sérstaklega verkfræðinga og tæknifræðinga. Verkfræðistofurnar standa saman sem samningsaðili í Félagi ráðgjafarverkfræðinga (FRV) og reynslan sýnir að ekki hefur verið mikil hreyfing starfsfólks á milli þeirra fyrirtækja sem standa að FRV. Verður fróðlegt að fylgjast með því hvort þetta muni breytast, sérstaklega ef fleiri sameiningar eru í farvatninu og staðan verður sú að nokkrar stórar stofur verða mest áberandi. Þeir sem vinna að kjaramálum verkfræðinga og tæknifræðinga hafa einmitt bent á að hreyfanleiki þeirra á vinnumarkaði sé ekki nógu mikill. Ekki má þó gleyma því að þar hefur vissulega einnig áhrif að verkfræðistofurnar eru yfirleitt í eigu breiðs hóps starfsmanna og því kannski ekki eins sjálfgeitt að færa sig yfir til keppinautanna. Einnig má nefna að verkfræðistofurnar selja vinnuframlag sambærilegra starfskrafta til sömu, og þá oft stórra verkkaupa, þannig að kjör starfsmanna hafa að líkindum tilhneigingu til að verða svipuð.

Heyrst hefur að fleiri verkfræðistofur stefni að sameiningu og þess verður kannski ekki langt að bíða að fréttir berist af þeim vettvangi. Það má því enn búast við nokkrum sviptingum á íslenska ráðgjafamarkaðinum, þar eru breyttir tímar.

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.

VERKTÆKNI

Engjateigi 9 · 105 Reykjavík
Sími: 568 8510 · Símbref: 568 9703 ·
Tölvupóstur: sigrun@vfi.is · sigrun@tfi.is

Blaðið VERKTÆKNI er gefið út af Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands og er dreift ókeypis til félagsmanna.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigrún S. Hafstein.

Blaðnefnd: Sveinbjörg Sveinsdóttir (SV), formaður, Ární Þór Árnason (TFÍ) og Ólafur Pétur Pálsson (VFÍ), auk ritstjóra.

Leyfilegt er að birta efni úr Verktækni ef heimildir er gefið. Skoðanir sem settar eru fram í blaðinu samrýmast ekki endilega viðhorfum útgefenda.

Prentvinnsla: Gutenberg · Mynd á forsíðu: Rafn Sigurbjörnsson · Aðstoð við útgáfu: Hæmir · Sími: 55 88 100 · utgafa@utgafa.is



Árlega launaviðtalið

Launaviðtöl eru hefðbundin á almennum vinnumarkaði og leið starfsmanns til að ræða og eða semja árlega um kaup og kjör við vinnuveitanda sinn. Í allmörgum tilfellum er þetta kjarasamningsbundinn réttur launamannsins, til dæmis í VR samningum. Hefðin er ekki eins rík á opinberum vinnumarkaði en þó í stöðugri sókn.

Af hverju launaviðtal?

Ástæðan er einföld og skýr.

- Vinnuveitendur hafa sjaldnast frumkvæði að því að hækka launin þín umfram samninga, - því miður.
- Launin þurfa að halda verðgildi sínu í verðbólguumhverfi. Aðeins þú getur sótt þá hækkingu og einnig hækkingu umfram það vegna aukinnar reynslu, ábyrgðar, þyngri verkefna o.þ.h.
- Launaviðtal er ekkert frábrugðið öðrum samningaviðræðum. Góður undirbúningur styrkir stöðu þína. Ef til vill getur eftirfarandi hjálpað þér.

Stöðumat - sjálfsskoðun

Skoðaðu stöðu þína og reyndu að meta styrkleika þína og veikleika og jafnframt hvaða tækifæri þú hefur. Hvar og hvernig nýtist þekking þín og reynsla best? Hvert er þitt framlag? Hvernig stendurðu þig í vinnunni? Skráðu hjá þér viðfangsefni þín og vinnuframlag til lengri tíma lítið. Hvernig geturðu styrkt þig sem starfsmann? Skoðaðu stöðu samningsaðila þíns og vinnuumhverfið.

Markaðsvirði - eftirspurn og framboð.

Er eftirspurn á vinnumarkaði eftir fagþekkingu þinni eða of mikið framboð af henni?

Aflaðu þér upplýsinga um markaðsvirði þitt, hver laun sambærilegra háskólahópa eru og síðast en ekki síst, hvernig kaupin gerast á eyrinni. Notaðu launakannanir, markaðslaunatöflur og vinnuskýrslur til finna upplýsingar. Sjá www.sv.is og www.tfi.is

Að setja sér markmið

Settu þér raunhæf markmið, þú missir trúverðugleikann ef þú biður um laun sem þú átt ekki skilið, hvort sem þau eru allt **of lág** eða **of há**. Veltu fyrir þér hvaða niðurstöðu þú gætir sætt þig við. Það getur reynst vel að setja fram tölur á ákveðnu launabili. Ertu að leita eftir launahækkun eða stöðuhækkun? Hvar viltu vera eftir fimm ár? Með setningu skýrra markmiða nærðu lengra.

Færni og sjálfstraust

Treystu sjálfum þér til að koma upplýsingum um markaðsvirði þitt á framfæri. Hafðu trú á þekkingu þinni, menntun og færni. Þú þarft að sannfæra vinnuveitanda þinn um að þú og framlag þitt sé þess virði að fá ákveðin laun. Ef þér finnst þig skorta sjálfstraust, þá minnstu þess að viðtalið snýst fyrst og fremst um vinnuframlag þitt og gæði þess. Það gæti einnig reynst vel að fara á sjálfstyrkingarnámskeið sem eru víða í boði, m.a. hjá Endurmenntun HÍ.

Fleiri góð ráð er að finna á heimasíðu SV www.sv.is undir liðnum Launaviðtöl.

Prúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

Sjóðir SV

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður hjá Ríki

Umsóknir eru teknar fyrir á stjórnarfundum sem haldnir eru reglulega. Næsti fundur verður **Þriðjudaginn 11. mars n.k.** Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu SV (www.sv.is). Valin er stíkan Vísindasjóður, vinstra megin.

Undanfarin ár hefur álíka mikið verið greitt í sjóðinn og greitt hefur verið úr honum. Árið 2006 varð breyting á og greiðslur úr sjóðnum mun minni en undanfarin ár. Það er því rík ástæða að hvetja sjóðfélaga til að sækja um styrki.

Hægt er að sækja um styrki sem nema allt að kr. 390.000. Meðal annars eru veittir styrkir til tölvukaupa. Skilyrt er að minnst fjögur ár líði á milli styrkveitinga til tölvukaupa sem eru að hámarki kr.130.000. Styrkir eru veittir til að sækja námskeið og ráðstefnur, til kaupa á bókum o.fl.

Starfsmenntunarsjóður hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum

Umsóknir eru afgreiddar á stjórnarfundum sem haldnir eru reglulega. Næsti fundur verður **föstudaginn 7. mars nk.** Upphæð hámarksstyrkja er kr. 390.000. Réttindi aukast um kr. 130.000 á ári ef ekki er greiddur styrkur en verða ekki meiri en kr. 780.000.

Árið 2006 jukust tekjur mikið en greiðslur vegna styrkja lækkuðu á sama tíma. Sjóðfélagar eru sérstaklega hvattir til að sækja um styrki til endurmenntunar enda er hún ein af mikilvægustu þáttunum í sókn til hærri launa.

Vakin er athygli á því að þeir verkfræðingar sem starfa hjá sveitarfélögum sem gefa Launaneftnd sveitarfélaga umboð til samninga við SV eiga aðild að sjóðnum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu SV: <http://www.sv.is/>. Valin er stíkan Starfsmenntunarsjóður vinstra megin.

Styrkir eru veittir til að sækja námskeið og ráðstefnur, til kaupa á bókum, tölvum o.fl. Upphæð tölvustyrkja er að hámarki kr.130.000.

Til verkfræðinga

Komið er að útsendingu nýrrar kjarakönnunar SV. Ekkert verkfæri er jafn mikilvægt í kjaramálum ykkar.

Kjarakönnunin er:

- Vogin sem mælir launahreyfingar.
- Ein aðalundirstaðan í markaðslaunatöflunni og leggur línur fyrir grunnlaunin.
- Viðmiðunin sem notuð er við nýráðningar og atvinnutilboð taka mið af.
- Helstu rökin í launaviðtali við vinnuveitanda og bættum kjörum starfsmanns.
- Verkfærið sem samninganeftndir SV nota við gerð kjarasamninga.

Kjarakönnun 2008 verður send til verkfræðinga í byrjun mars. Það er hagur allra í verkfræðingastétt að sem flestir svari könnuninni og auki þannig gildi hennar og vægi. Við biðjum ykkur vinsamlegast öll að svara henni fljótt og vel.

Athugið að skemmri frestur er á skilum en oft áður. Þægilegt er að fylla út könnunina á netinu samhliða skattskilum.

Prúður G. Haraldsdóttir

Markaðslaunatafla SV frá janúar – júlí 2008

Ný markaðslaunatafla verkfræðinga er kominn á heimasíðu SV. Hækkun markaðslauna við áramót er 6,5%.

Til tæknifræðinga

- Kjarakönnun KTFÍ

Niðurstöður könnunarinnar eru komnar á heimasíðu TFÍ.

- Orlofsjóður BHM

Vakin er athygli á að Orlofsblað BHM er komið út og margir góðir kostir í boði.



KONICA MINOLTA

Engar afsakanir prentaðu í lit



bizhub c252

Konica Minolta hefur sameinað prentun í svart-hvítu og lit í fullkominni ljósritunarvél sem er sérhönnuð fyrir skrifstofuna. Prentaðu litskrúðug skjöl á einfaldari og ódýrari hátt.

Skýrari skilaboð með lit:

GULT: Öryggi, birta og hreinleiki.

RAUTT: Áriðandi, ákefð og tilfinningahiti.

GRÆNT: Umhverfi, heilsa og jákvæðni.

BLÁTT: Sannleikur, virðing og áhrif.

Konica Minolta - Leiðandi í lit.

KJARAN
TÆKNI BÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK • TB@KJARAN.IS • WWW.KJARAN.IS • SÍMI: 510 5520



Menntunarmálin

Að undanfögnu hafa menntunarmálin verið mikið til umræðu í stjórn TFÍ. Eins og kom fram í grein formanns félagsins í síðasta tölublaði Verktækni, þá ber nú meira á því en áður að umsækjendur um inngöngu í félögin og starfsheitin uppfylla ekki kröfur Menntunarnefndar TFÍ og Menntamálanefndar VFÍ um lágmarksfjölda eininga í undirstöðugreinum tæknifræðinnar og verkfræðinnar. Í prófskírteinum viðkomandi kemur fram að þeir hafi lokið prófi sem annað hvort „diplomingeniör“ (tæknifræðingur) eða „civilingeniör“ (verkfræðingur). Skýringin er væntanlega sú að í Danmörku eru starfsheitin ekki lögvernduð eins og hér á landi. Háskólarnir í Danmörku þurfa vissulega að uppfylla ákveðin skilyrði um námseiningar til að útskrifa nemendur með fyrrnefnd starfsheiti en þær fara ekki saman við þær kröfur

sem félögin hér á landi gera. Félög verkfræðinga og tæknifræðinga stefna að því að halda málþing um menntunarmálin næsta haust þar sem verður farið yfir málin í heild sinni og mörkuð stefna til framtíðar.

Nýir félagsmenn í TFÍ

- Valur Arnarson**, B.Sc. próf frá Tækniháskóla Íslands í desember 2003.
- Kristinn Rúnar Sigurðson**, B.Sc. próf frá Tækniskóla Íslands 1987.
- Jón Bæring Hauksson**, B.Sc. frá Odense Teknikum í maí 1986.
- Sigurður Orri Steinþórsson**, Teknikumingeniör frá Odense Teknikum í júní 1993.
- Guðmundur Pétursson**, Diplomingeniör frá Odense Teknikum í júní 2006.
- Davíð Þór Jónsson**, B.Sc. frá Háskólanum í Reykjavík í janúar 2006.

- Hermann Hermannsson**, B.Sc. frá Tækniháskóla Íslands í janúar 2007.
- Daníel Sigurbjörnsson**, Rafmagnstæknifræði frá Odense teknikum.
- Guðmundur R. Björnsson**, Iðnaðartæknifræði frá Syddansk Universitet.
- Jón Brandsson**, Rafmagnstæknifræði frá Syddansk Universitet. Samþykkt.
- Þorvaldur Einarsson**, Byggingartæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík í júní 2007.
- Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir**, Byggingartæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík.
- Ásgeir kr. Sigurðsson**, Rafmagnstæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík í janúar 2007.
- Rob P. M. Kamsma**, HTS/HAS Den Bosch, Ing/B.Sc. í júlí 2004.

AF stjórnarborði VFÍ



Breytingar á Engjateigi 9

VFÍ barst nýlega fyrirspurn frá Skýrslutæknifélagi Íslands um hvort félagið gæti fengið leigt húsnæði að Engjateigi 9 fyrir starfsemi sína. Vár erindinu vel tekið enda hafa margir haft þá framtíðarsýn að Verkfræðingahús verði eins konar miðstöð fyrir hin ýmsu félög tæknimenntaðs fólks. Varð því úr að leigusamningi við Remax, sem hefur leigt helming fyrstu hæðarinnar, var sagt upp. Skrifstofa VFÍ, TFÍ og SV mun flytja á fyrstu hæðina, væntanlega næsta haust ef áætlanir ganga eftir.

Ákveðið hefur verið að fara í umfangsmiklar endurbætur á stigagangi og anddyri Verkfræðingahúss. Stigagangurinn hefur látið á sjá og er ráðgert að endurnýja meðal annars gólfefni, loft, ofna og stigahandrið. Auk þess verður að lagfæra glugga í stigaganginum vegna leka. Verður þetta mikil andlitslyfting fyrir húsið. Það er

arkitektastofan Arkís sem sér um hönnunina og fara þar fremst í flokki Egill Guðmundsson, arkitekt hússins og Thelma Guðmundsdóttir innanhússarkitekt. Þau munu einnig hanna skrifstofuhúsnæði VFÍ á fyrstu hæðinni.

Þá hefur verið ákveðið að taka í gegn salinn á jarðhæð og verður hann endurbættur með tilliti til hljóðvistar. Halldóra Vífilsdóttir arkitekt hannar útlit salarins en Ólafur Hjálmarsson, verkfræðingur annast hljóðhönnunina.

Pegar Skýrslutæknifélagið bætist í hópinn á Engjateigi 9 verða eftirtalin félög og fyrirtæki með aðstöðu eða aðsetur í Verkfræðingahúsi: Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga, Tæknifræðingafélag Íslands, Lífeyrissjóður verkfræðinga, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Arkitektafélag Íslands, Félag sjálfstætt starfandi arkitekta, Félag húsgagna- og

innanhússarkitekta, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Verkefnastjórnunarfélag Íslands, Iðnfræðingafélag Íslands, Byggingafræðingafélag Íslands, Magnús Baldursson, lögmaður og Miðverk, tölvu- og kerfisfræðipjónusta.

Nýir félagsmenn í VFÍ

- Vladimir Funcic**, Graduate Mechanical Engineer frá University of Pristina, í sambandslýðveldinu Júgóslavía/Serbía í desember 1996.
- Höskuldur Rúnar Guðjónsson**, Civ.ing frá Lunds Tekniska Högskola í maí 2007.
- Elísabet Rúnarsdóttir**, Siv.ing frá Norges teknisk-naturvitenskaplige Universitet í júní 2007.
- Jón Bergmann Heimisson**, Siv.ing frá Norges teknisk-naturvitenskaplige Universitet í júní 2007.
- Kristján Leifsson**, MS-próf frá Herriot Watt University í Edinborg, Skotlandi í nóvember 2007.
- Gísli Þór Guðjónsson**, Civ.ing-próf frá NTNU í Prándheimi í júlí 2003.
- Sveinbjörn Jónsson**, M.Sc. próf frá Háskóla Íslands í júní 2007.
- Björn Margeirsson**, Civ.Ing próf frá Chalmers University of Technology í október 2007.
- Kristinn Pétur Skúlason**, Civ.Ing próf frá DTU í nóvember 2007.
- Tómas B. Haarde**, Civ.Ing próf frá DTU í september 2007.
- Mariusz Aleksander Barski**, kt. 201282-2769, Próf í byggingarverkfræði inżynier frá Warsaw University of Technology í Póllandi í janúar 2006.
- Geirfinnur Smári Sigurðsson**, BS próf frá Háskóla Íslands í júní 2007.
- Gunnar Sigurðsson**, BS-próf frá Háskóla Íslands í júní 2007.
- Sunna Björg Helgadóttir**, BS-próf frá Háskóla Íslands í júní 2007.
- Hrund Gunnarsdóttir**, BS-próf frá Háskóla Íslands í október 2007.



Fjórir sæmdir heiðursmerki VFÍ

Á árs hátíð Verkfræðingafélags Íslands, sem haldin var 2. febrúar sl., voru fjórir einstaklingar sæmdir heiðursmerki félagsins. Þau eru: Alda Möller, Pálmi Jóhannesson, Pálmi Ragnar Pálmason og Pétur Stefánsson.

Það er Merkisnefnd VFÍ sem útnefmir þá einstaklinga sem hljóta heiðursmerki félagsins. Umsögn nefndarinnar er rituð í viðurkenningarskjal sem afhent er með merkinu. Umsagnir nefndarinnar eru hér fyrir neðan.

Alda Möller lauk meistaraþrófi í matvælafræði og lífefnafræði frá University of Leeds 1972 og doktorsþrófi frá University of Reading 1976. Að námi loknu starfaði Alda sem sérfræðingur og stjórnandi, fyrst hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og síðan hjá Sölumiðstöð hraðfyrstihúsanna.

Frá 1999 hefur Alda verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi á sviði íslensks og alþjóðlegs sjávarútvegs. Alda var frumkvöðull á sviði skynmats við Rf og byggði upp nám í því við matvælafræðing HÍ en þar var hún kennari um árabíl.

Á opinberum vettvangi hefur Alda gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum, átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum þar á meðal í Rannsóknaráði og situr nú í stjórn Rannsóknasjóðs. Alda hefur frá upphafi eða í 16 ár verið í forystusveit alþjóðlegu sjávarútvegsráðstefnunnar Groundfish Forum en til hennar er boðið helstu stjórnendum framleiðslu- og sölufyrirtækja í 35 löndum úr öllum heimsálfum.

Aðalsmerki Öldu eru áráðni, vandvirkni og einstök nákvæmni í orðfæri og skipulagningu.

Pálmi Jóhannesson lauk prófi í byggingarverkfræði frá NTH í Þrándheimi árið 1969. Að loknu verkfræðiprófi vann Pálmi um tíma við kennslu og rannsóknastörf við NTH og Vassdrags- og Havnélaboratoriet í Þrándheimi en frá 1972 til 1977 vann hann hjá íslenskum verkfræðistofum, meðal annars við byggingu Sigölduvirkjunar.

Árið 1977 hóf Pálmi störf hjá Electrowatt í Zürich og hefur síðan starfað á alþjóðavettvangi, meðal annars í eigin fyrirtæki, Palmi Associates. Á þessum tíma hefur Pálmi unnið við margvísleg verkefni í fimm heimsálfum sem tengjast vatnsaflsvirkjunum, áveitum, vatnsöflun og flóðavörnum. Frá 1998 til 2007 vann Pálmi við ýmis stór verkefni fyrir Landsvirkjun og var hann aðalhönnuður Kárahnjúkastíflu. Pálmi hefur birt, einn eða með öðrum, fjölda sérfræðigreina í alþjóðlegum tæknitímaritum.

Aðalsmerki Pálma er óbilandi áhugi á að finna nýjar og hagkvæmar lausnir á verk-



F.v. Logi Kristjánsson, framkvæmdastjóri VFÍ, Pétur Stefánsson, Alda Möller, Pálmi Ragnar Pálmason og Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður VFÍ. Pálmi Jóhannesson gat ekki verið viðstaddur afhendinguna.

fræðilegum vandamálum. Hann telst meðal fremstu sérfræðinga á sviði stífluhönnunar í heiminum í dag.

Pálmi Ragnar Pálmason lauk námi í byggingarverkfræði frá NTH í Þrándheimi árið 1965. Pálmi hóf störf hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen að námi loknu, varð þar snemma meðeigandi og hefur verið í forystusveit sem leiðandi verkfræðingur á sviði jarðtækni og stíflugerðar hér á landi.

Í meira en fjóra áratugi hefur Pálmi verið aðalhönnuður flestra jarðstíflna sem byggðar hafa verið á Íslandi. Hann hefur einnig tekið virkan þátt í þróun og framvindu stífluhönnunar og stíflugerðar á alþjóðavettvangi. Auk þessa hefur Pálmi verið í fararbroddi í hönnun jarðganga og neðanjarðarvirkja. Hann hefur kennt verkfræðingum í fagi sínu samhliða starfi.

Á opinberum vettvangi hafa Pálma verið falin trúnaðarstörf. Aðalsmerki Pálma er að vera fjölhæfur og jarðbundinn samhliða dugnaði og frumkvæði.

Pétur Stefánsson lauk prófi í byggingarverkfræði frá Technische Hochschule í München árið 1964. Pétur hóf störf hjá Almenna byggingarfélaginu hf. að námi loknu og starfaði síðan hjá Fasteignanefnd Reykjavíkur. Pétur var einn af stofnendum Almennu verkfræðistofunnar hf. 1971 og vann þar til ársins 2005. Hann var aðstoðarframkvæmdastjóri frá 1987 og framkvæmdastjóri 1999-2002.

Faglegt sérsvið Péturs eru matsstörf af ýmsum toga og verkefnisstjórn stærri verka. Hann var einn af upphafsmönnum þess héraðs að nýta það stjórnþæki í vandasömum verkefnum. Pétur er einn af stofnendum Verkefnastjórnunarfélags Íslands.

Á opinberum vettvangi hefur Pétur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum. Pétur hefur verið virkur félagi í VFÍ og gegnt þar ýmsum trúnaðarstörfum og var formaður félagsins á árunum 1996-99. Einnig var Pétur formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga. Aðalsmerki Péturs er ríkur áhugi á félagsstörfum, traust og fagleg vinnubrögð, lipurð og háttvísi í hvívetna.

Munið heimasíður
félaganna

www.sv.is

www.vfi.is

www.tfi.is

Verkfræðingurinn á Alþingi

Gunnar Svavarsson, vélaverkfræðingur er eini verkfræðingurinn sem situr á Alþingi á þessu kjörtímabili. Hann hefur alla tíð haft mikinn áhuga á félagsstörfum og stundum verið kallaður félagsmálaverkfræðingur af vinum sínum. - Það voru nefndadagar í þinginu þegar við hittumst á skrifstofu Gunnars og hann var feginn tilbreytingunni, - að mæta ekki með bindi í vinnuna.

Það liggur beint við að spyrja Gunnar fyrst hvornig leið hans hafi legið í stjórn málin.

„Ég tók virkan þátt í félagsmálapolítíkinni í MH og á háskólaárunum hélt það áfram og var ég formaður félags vélaverkfræðinema, sat í deildarráði sem fulltrúi nemenda og sat í skorarráði vélaverkfræðinnar í tvö ár, sat þar reyndar sem aðjúnt í ein þrjú ár síðar. Um það leyti sem við stofnuðum Aðalskoðun í Hafnarfirði árið 1994 tók ég sæti í umferðarnefnd í Hafnarfirði fyrir Alþýðuflokkinn. Málin þróuðust síðan þannig að ég tók að mér fleiri verkefni fyrir flokkinn og var kjörinn formaður Samfylkingarinnar í Hafnarfirði árið 1999. Það var ári áður en Samfylkingin var stofnuð á landsvísi þannig að ég get strítt Össuri Skarphéðinssyni á því að ég sé í rauninni fyrsti formaður Samfylkingarinnar, ekki hann!

Ég bauð mig fram í sveitarstjórnarkosningum 2002, sat í öðru sæti listans á eftir félaga mínum Lúðvíki Geirssyni og flokkurinn náði hreinum meirihluta í kosningunum. Ég var þá sannarlega kominn á kaf í pólitíkina. - Var leiðandi í stýringu kosningabaráttunnar 2002 og aftur 2006 en þá unnum við einnig góðan sigur, þann næststærsta sem jafnaðarmannahreyfing hefur náð á landinu. Mér hefur einnig verið treyst fyrir öðrum verkefnum fyrir flokkinn og setið í mörgum ráðum og nefndum á vegum hans og var m.a. kosinn formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar á landsfundinum 2005. Þegar í ljós kom að oddvitar flokksins í Suðvesturkjördæmi, þau Guðmundur Árni Stefánsson og Rannveig Guðmundsdóttir, ætluðu bæði að draga sig í hlé, þá ákvað ég að taka þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna síðustu Alþingiskosninga. Ég stefndi á fyrsta sætið og náði því og leiddi listann sem náði fjór- um á þing.“

Gunnar var forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði en lét af því embætti þegar hann tók sæti á þingi. Hann situr ennþá í bæjarstjórninni, er formaður framkvæmdaráðs en var áður í skipulags- og bygging-



Gunnar og Ingvar Viktorsson fyrrv. bæjarstjóri í Hafnarfirði skoða framkvæmdir í Kaplakrika sem eru í fullum gangi.

arráði og bæjarráði og þekkir því innviði sveitarstjórnarmála vel.

Nýlega voru kynntar umfangsmestu framkvæmdir í 100 ára sögu Hafnarfjarðarbæjar sem í verður varið sjö milljörðum króna og mikil umsvif eru hjá framkvæmdaráði. Verkfræðin hefur því vissulega mótað viðfangsefni Gunnars í stjórn málum undanfarin 15 ár eða eins og hann segir sjálfur þá hafa þau mörg hver einkennst af áhuga hans á byggingar-, skipulags- og umferðarmálum, þá sérstaklega umferðaröryggi, sem tengist auðvitað verkfræðinni beint. Gunnar hefur einnig setið í stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. í fimm ár og þekkir vel til orkumráðunnar, þar nýttast gömlu kúrsarnir í vélaverkfræðinni.

„Mörg þessi verkefni tengjast kannski ekki beint vélaverkfræði enda snerist hugur minn í vélaverkfræðinni mjög snemma að rekstrarmálum. Þetta var áður en vélaverkfræðin varð véla- og iðnaðarverkfræðiskor og ég fékk blessunarlega leyfi til að taka námskeið úr öðrum skorum, jafnvel í reglunartækni rafmagnsmanna og öðru slíku, og einnig tók ég námskeið í markaðsfræði innan viðskiptafræðinnar. Ég reyndi þannig að búa til það umhverfi í náminu sem ég vildi vera í og hafði mestan áhuga á – það var ríkur vilji hjá prófessorunum að heimila slíkar breytingar.

Á þessum tíma voru reyndar margir í vélaverkfræðinni sem höfðu áhuga á rekstri

og stjórnun. Einu eða tveimur árum á eftir mér var stór hópur sem var að fókusera á sömu hluti og ég og fór inn í fjármálageiran, fyrst til Búnaðarbankans og síðar yfir í Landsbankann. Í þessum hópi var Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans og þarna má segja að verkfræðingar hafi í fyrsta skipti orðið áberandi í fjármálageiranum - fjármálaverkfræðingar.“ Spurður um ástæðurnar fyrir þessum áhuga hópsins segir Gunnar að kennarar, eins og til dæmis Pétur Maack og Páll Jensson, hafi kennt námskeið í stjórnun og rekstri og ýtt undir áhuga nemenda á þeim fræðum. Sjálfur segist hann hafa átt mest samskipti við Guðmund R. Jónsson Tekn. Dr., sem nú er á framkvæmda- og tæknisviði Háskólans, og hann hafi að nokkru leyti haldið utan um nemendahópinn sinn og gert það vel, sé öflugur til allra verka. „Ég átti einnig mjög gott samstarf við Snjólf Ólafsson og hann kom að lokaverkefni mínu með Páli. Síðar var ég í ritstjórn Aðgerðarannsóknafélagsins og sat lengi fram eftir nóttu við umbrot á félagsblaðinu, sem Snjólfur vildi að kæmi oft út – ótrúlegur áhugi hjá Snjólfí“.

Vantar fjölbreytni

Stundum er sagt að alþingismenn séu of einsleitir hópur. - En finnst Gunnari skipta máli að tæknimenntað fólk, þ.á.m. verkfræðingar og tæknifræðingar gefi kost á sér til setu á Alþingi? „Já, ég hef oft

